



# Mögulegur landingarstaður fyrir InSight leiðangur NASA

ESP\_031249\_1785



HIGH RESOLUTION IMAGING  
SCIENCE EXPERIMENT  
UAHRISE.ORG/IS



Einn vandasamasti hluti geimferða er að finna örugga en vísindalega áhuga landingarstaði. Með HiRISE og þá miklu upplausn sem myndavélin hefur, geta aðrir leiðangurshópar óskað eftir því, að myndir séu teknar af hugsanlegum landingarstöðum á Mars. Í þessu tilviki var mynd tekin fyrir hinn fyrirhugaða InSight leiðangur NASA. Svæðið sem hér sést er einn af mögulegum landingarstöðum geimfarsins en því er ætlað að kafa djúpt undir yfirborð Mars í leit að merkjum um þau ferli sem mótuðu bergreikistjörnurnar. InSight hópurinn þarf að finna flatt svæði sem einnig mætir markmiðum leiðangursins.